

og skáldið hafi ávallt skipað jafnan sess eða hvort tekist hafi verið á um tíma og athygli.

„Í seinni tíð þá finn ég fyrir því að mig vantar tíma en fram að því þá hélt ég að ég gæti látið þetta fara saman. Um talsvert langa hríð lagði ég ritstörfin alveg til hliðar og sökkti mér í rannsóknir á líffræði frumna. Ég hafði á sínum tíma þá hugsun að til að þekkja mannseðlið yrði ég að kynnast manningnum alveg niður í einstakar frumur. Það var í rauninni ástæðan fyrir því að ég fór út í læknisfræði á sínum tíma. Ég varð síðan svo gagntekinn af frumunni sem fyrirbæri að ég lagðist í þau fræði og hef aldrei verið hamingjusamari en fyrstu tvö árin mín í doktorsnámi í London. Það er gaman að segja frá því að doktorsverkefnið mitt snérist um gerjun og öndun (hvatbera) í frumum, mitochondria, og ég byggði rannsókn mína að nokkru

leyti á kenningum þýska nóbelsverðlaunahafans Otto Warburg um að krabbameinsfruma væri fruma með laskaða öndun og of mikla gerjun. Warburg hlaut Nóbelsverðlaunin í læknisfræði 1930 og kenning hans hafði verið lögð til hliðar og þótti gamaldags og mér var legið á hálsi fyrir að vinna útfrá henni. Menn gerðu grín að Warburg og mér líka fyrir að fást við þetta. En um aldamótin 2000 snérist þetta gersamlega við og vísindaheimurinn hefur síðan verið logandi af áhuga á að rannsaka þetta samspil gerjunar og öndunar í krabbameinsfrumum. Það er skrytið að upplifa þetta,” segir vísindamaðurinn og skáldið Valgarður Egilsson sem safnar orku og kröftum á göngum sínum um æskuslóðir í Fjörðum norður. Fer hann norður í sumar?

„Að sjálfsgöðu.”

Úthafskirkjan

María, ljáðu mér möttulinn þinn
Kristur, ljáðu mér kyrtilinn þinn
Sankti Pétur, ljáðu mér
sjóhettuna þína
(Bæn úr Fjörðum)

Ómerkt eru leiðin
liðinna frænda
sem liggja hér í jörð
hlið við hlið
við ysta haf


og horfin kirkjan

er léði þeim styrk
á landi og sjó
á langvetrum hörðum
Það skorti alltaf
skjólflíkur í Fjörðum

Faðir minn er róinn
Ljáðu mér nú hettuna þína
Sankti Pétur, á sjóinn

Með eigin viti
þeir vinsuðu kjarnann úr Heilögu Riti
því biskupar óttuðust Illagil
og eggjar Trölladals háar
- sögðu eftir litlu að sælast
sálir í Fjörðum það fáar

Þótt grandvara feður og mæður
skjólflíkur skorti
við úthafið yst
var síður allur í ætt við Krist



- er leið að sólstöðum
kom lóan með vorið
og leysti alfennið hvítt
- fagurt er í Fjörðum
þá frelsarinn gefur veðrið blítt;
og laufvindar leika á hausti

Í augum hins algenga manns
stund hans

- og staður
Hvort fylgir því helgi
að heita algengur maður?

Kirkja við úthaf
var eignuð dýrlingum fimm
- menn hefðu útlátalítið
af einum séð
og ávarpað Maríu mey
möttulinn hefði hún léð

Þeir lofa mest Ólaf kóng
er hvorki sáu hann né heyrðu
þann digra mann
er sjaldgæfa sigra vann

og sextán orustu kóngurinn
er sístur var til
var síðan helgur lýstur

Víst eru áheit ábatasöm
séu auglýst jarteiknin vel
með vilyrði um himnanna ríki

En undarleg sýki
að sækja í það
að sigra fólk hér á jörðu
Ólafur Haraldsson hann átti lítið
erindi út í Fjörðu

Hér átti að helga kirkju
við hafið Maríu mey
hinni mildu frú
farið betur við frændanna trú
Hvort fylgir því helgi
að heita algengur maður?

Úr ljóðabókinni *Á mörkum*
eftir Valgarð Egilsson.
JPV ÚTGÁFA, Reykjavík 2007.